

Nd.

316. Frumvarp

til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

1. gr.

Heimilt er kirkju- og kenslumálaráðherra að selja jörðina Hest í Súðavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem útlögð hefir verið sem prestssetur í Ögurþingaprestakalli, fyrir 2000 — tvö þúsund — krónur.

2. gr.

Andvirði jarðarinnar skal á sínum tíma verið til þess að kaupa annað hentugra býli, eða hús, handa prestinum í Ögurþingum.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Prestssetrið Hestur hefir aldrei, svo sjeð verði, verið notað af sóknarprestinum í Ögurþingum til ábúðar. Einn prestur mun þó hafa búið þar frá því síðari hluta sumars og fram á þorra.

Lega þessarar jarðar er sú, að hún er í eyðifirði og lítt kleift að ná til prestsins, nema með miklum kostnaði fyrir sóknamenn. Jörðin er smákot eitt og erfitt að gera þar jarðabætur.

Ábúandinn leitar nú kaupa á jörðinni, og er aðalástæðan sú, að óþjákvæmilegt er að gera allstóra girðingu, sem ábúandi vill ekki kosta nema hann nái kaupum á kotinu.

Sýslunefnd, sóknarprestur og biskup leggja eindregið með kaupunum við því verði, sem hjer er sett, enda er það fyllsta verð. Öllum er vitanlegt, að þetta kot verður aldrei notað sem prestssetur eða skólajörð.

Það eru tilmæli biskups, að andvirði jarðarinnar verði á sínum tíma notað til þess að kaupa hentugra býli handa prestinum í Ögurþingum.